

Greinargerð með handbók um útikennslu á
Álftanesi
Ragnhildur Gunnlaugsdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar BE.d gráðu
í leikskólakennarafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2009

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Greinagerð með handbók um útikennslu

fyrir ung börn á Álftanesi

Ragnhildur Gunnlaugsdóttir
270972-3579

Háskóli Íslands.
Menntavísindasvið.
Kennaradeild, leikskólakennarafræði.
Apríl 2009

Leiðbeinandi: Kristín Norðdahl

Ágrip

Greinargerðin er með handbók fyrir kennara þar sem ég setti fram hugmyndir að vettvangsferðum og útileikjum fyrir yngri börn á Álftanesi. Markmiðið með greinargerðinni er að leita svara við þeirri spurningu hvort útikennsla sé góður kostur fyrir börn og ef svo er þá að hvaða leyti. Í greinargerðinni skilgreindi ég hugtakið útikennsla og gerði grein fyrir niðurstöðum nokkurra rannsókna á áhrifum útikennslu á börn. Eins fjallaði ég um hvers konar umhverfi og efniviður henti í útikennslu og hvert hlutverk kennarans er í slíkri kennslu. Þá athugaði ég hvort áhersla er lögð á útikennslu í námskrám leik- og grunnskóla. Að síðustu athugaði ég hvernig helstu kenningar fræðimanna um nám falla að útikennslu.

Helstu niðurstöður mínar eru þær að í kennslu sé fjölbreyttin mikilvæg og það að færa hluta af kennslunni út er liður í að auka fjölbreyttina. Einnig er mikilvægt að kennarar séu opnir fyrir áhugasviði barnanna, hvað þeim langar til að hafa í kringum sig og hvað þeim langar til að rannsaka.

Efnisyfirlit

Ágrip	4
Efnisyfirlit	5
Inngangur	6
Útikennsla	7
Hvað er útikennsla?.....	7
Áhrif útikennslu	8
Umhverfi og efniviður í útikennslu.....	9
Hlutverk kennara í útikennslu.....	10
Hvað segja námskrárnar um útikennslu	11
Aðalnámskrá leikskóla.....	11
Aðalnámskrá Grunnskóla.....	12
Kenningar um nám og kennslu barna	14
Kenningar John Deweys	15
Hugsmíðahyggja, Jean Piagets.....	15
Fjölgreindakenning Gardners.....	16
Samantekt um námskenningarnar	18
Er útikennsla góður kostur í námi	18
Heimildaskrá.	20

Inngangur

Þegar kom að því að finna efni í B.Ed. ritgerð fannst mér upplagt að gera handbók um útikennslu. Í dag eru börn ekki eins mikið úti að leika og áður. Lífsstíll fólks hefur mikið breyst, mataræði er óhollara og minna um hreyfingu. Rannsóknir hafa sýnt að fólk hreyfir sig minna og fólk hefur fitnað í kjölfarið (Erlingur Jóhannsson, 2004:17-18). Ég tel að á móti þessu mætti vinna með því að auka vægi útikennslu í skólastarfi. Önnur ástæða þess að ég tel mikilvægt að vera meira úti með börn er að þannig gætu þau lært að bera virðingu fyrir náttúrunni og því sem hún getur gefið okkur.

Oft og tíðum hafa kennarar ekki nægan tíma til að undirbúa útikennslu eða vettvangsferðir svo mér fannst tilvalið að semja handbók fyrir kennara til að grípa til á góðum degi, hvort heldur sumar, vetur, vor eða haust. Handbókin er miðuð við umhverfi leik- og grunnskóla á Álftanesi. Markmiðið með handbókinni er að koma á framfæri á aðgengilegan hátt upplýsingum um ákveðna staði á Álftanesi og verkefnum sem vinna má með börnum þannig að kennarinn geti lagt af stað án mikils undirbúnings. Handbókin er hugsuð fyrir eldri deildir leikskóla og yngstu bekkji grunnskóla.

Í greinagerðinni ætla ég að leitast við að svara spurningunni hvort útikennsla sé góður kostur fyrir börn og ef svo er þá að hvaða leyti.

Ég mun byrja á því að skilgreina hvað átt sé við með hugtakinu útikennsla og hvort menn telji útikennslu góðan kost í námi barna og þá hvers vegna. Þá mun ég huga að hvernig umhverfi og hvers konar efnivið hægt er að notast við í útikennslu og hvert hlutverk kennarans sé í slíkri kennslu. Einnig geri ég grein fyrir hvað Aðalnámskrár leik- og grunnskóla segja um útikennslu. Ég geri grein fyrir þeim námskenningum sem ég styðst við varðandi útikennsluna og hvaða kennsluaðferðir ég tel bestar út frá þeim. Að lokum dreg ég saman niðurstöður mínar um það hvort útikennsla sé góður kostur fyrir börn.

Útikennsla

Hvað er útikennsla?

Þegar talað er um útikennslu þá getur verið um margt að ræða. Hvar og hvernig ætlum við að kenna? Er um að ræða kennslu á manngerðu svæði eða náttúrulegu svæði sem maðurinn hefur ekki lagt mark sitt á. Ætlum við að beita kennsluháttum sem tíðkast inni úti eða ætlum við að breyta kennsluháttunum?

Í bók þar sem norskir kennarar lýsa reynslu sinni af útikennslu skilgreina þeir hana sem:

- nám sem fer aðallega fram fyrir utan kennslustofuna og einkennist af að læra í raunverulegum eða náttúrulegum aðstæðum,
- forvitni, sköpun, lífsreynslu, ímyndunarafli, skynjun og uppbyggjandi samveru,
- áherslu á að læra með því að gera og áherslu á mikla virkni nemendanna,
- viðfangsefni sem verður hluti af þverfaglegri og heildrænni kennslu,
- reglulega útiveru einu sinni í viku,
- auðveldar leiðir sem bjóða upp á tækifæri til að vinna úr því sem við upplifum og komumst að í sameiningu (Hebæk, Holmen, Retterstøl, 2001:10).

Margt er líkt með skilgreiningu þessara kennara og skilgreiningu Arne Nikolaisen Jordet á útikennslu. Hann segir að útikennsla sé ákveðið skipulag þar sem hluti af skólastarfinu er fluttur út í samfélagið og/eða náttúruna. Nemendur fá þá tækifæri til að virkja öll skilningarvitin til að fá persónulega reynslu af raunveruleikanum. Skipulagið gefur rými fyrir rannsóknir, sjálfsprottna sköpun og leik, forvitni, ímyndunarafli, ævintýri og samvinnu barnanna (Jordet, 1999:24).

Mér finnst þessi nálgun í kennslu sem lýst er hér að ofan gefa ýmsa möguleika í námi og kennslu sem hefðbundið skólastarf býður ekki upp á. Það að hafa einn fastan útidag í viku er að mínu mati skynsamlegt því annars er ekki ólíklegt að útikennslan komi til með að sitja á hakanum þar sem margt annað hefur forgang í huga kennarans. Ég tel að kennarar séu ekki meðvitaðir um mikilvægi þess að börn fái að fara út og upplifa náttúruna og

nærumhverfið og að það megi nýta við mun fleiri tækifæri en margir halda. Þess vegna er útikennslu gjarnan vikið til hliðar þegar annað verkefni kemur upp á borðið.

Hægt er að skipuleggja útikennslu á ýmsa vegu til dæmis með því að fara í vettvangsferðir, vinna markvisst út í náttúrunni eða á skólalóðinni.

Ahrif útikennslu

Í grein Fredens (2005) segir að menn eigi auðveldara með að muna það sem er tengt reynslu eða verklegri athöfn, að við lærum mest um náttúruna með því að njóta hennar og vera úti í henni. Þegar við erum úti þá „tali“ hlutirnir til okkar, trén „bjóði“ okkur að koma og klifra, blómin „vilji“ dreifa angann og boltinn „býður upp á“ að láta kasta sér, að það sé samhengi á milli hegðunar, líðanar og hugsunar og því efnislega í umhverfinu. Hlutirnir geta breytt hegðun okkar og við getum breytt þeim.

Ég lít svo á að hann eigi við að þegar við erum í aðstæðum sem okkur líður vel í þá séum við jákvæðari og okkur langi til að læra því aðstæðurnar vekja spurningar og kalla á tilraunir. Við fáum svörun við því sem við erum að rannsaka úti í náttúrunni. Úti í náttúrunni er meira frelsi til athafna og fleiri möguleikar til að rannsaka á eigin forsendum. Í hefðbundinni skólastofu sitja allir í sínum sætum og kennari ákveður gjarnan hvað efni er tekið fyrir.

Fredens segir einnig að börn sem eru mikið úti séu heilsuhraustari en þau sem oftast eru inni og þannig sé náttúran eins og meðal án aukaverkana (Fredens, 2005).

Líkamleg áreynsla er nauðsynleg fyrir börn til að þau öðlist nægan hreyfiþroska og mælt er með að þau hreyfi sig minnst 60 mínútur á dag. Einnig er vitað að hreyfing bætir sjálfstraust, sjálfsímynd og námsárangur barna og dregur úr líkum á geðrænum vandamálum. Þau börn sem eru mikið fyrir að sitja kyrr í leik til dæmis við að púsla, perla og lita þurfa oft meiri hvatningu til hreyfingar (Gígja Gunnarsdóttir, 2005).

Í lítilli íslenskri rannsókn á leikskólabörnum sem fóru í reglulegar skógarferðir kom í ljós að þau urðu úthaldmeiri og liprari eftir þessar ferðir (Kristín Norðdahl, 2005).

Að vera úti í náttúrunni getur einnig haft mikið uppeldislegt gildi fyrir börn því þau börn sem eru mikið úti í náttúrunni eru líkleg til að tengjast henni og bera virðingu fyrir henni (Kristín Norðdahl, 2005).

Umhverfi og efniviður í útikennslu

Þegar leikskóla- og grunnskólalóðir eru hannaðar er reynt að hanna þær þannig að umhverfið ýti undir hverskonar hreyfingu og þroska barnanna (Kristín Norðdahl, 2005). Þar með er ekki sagt að kennarar geti ekki komið með annan efnivið inn á lóðirnar til að auka fjölbreytnina. Hægt væri að útbúa svæði með hreyfanlegum efniviði til dæmis alls konar timbri, trjábolum, steinum, dekkjum, seglum, ólíkum ílátum og mörgu fleira og leyfa börnunum að skapa sitt eigið leiksvæði (Tovey, 2007:72-74).

Að fá trönur inn á lóðina og gera rólur og brýr með börnunum er skemmtilegt verkefni sem reynir mikið á samvinnu og úrræði. Verkefnið getur einnig tekið endalausum breytingum. Fjölbreytileiki efniviðsins skiptir máli þegar ætlunin er að börnin læri sem mest. Í bókinni „*Lag en naturlekeklass- prinsipper og praktiske ideer*“ er mikið af góðum hugmyndum um hvernig megi auka fjölbreyttni leikefnis á leiksvæðum barna. Þar er sýnt hvað mikið er hægt að gera ef t.d. nokkrir trédrumbar í mismunandi stærðum og gerðum er komið fyrir á skólalóðina. Þá má gera litla búgarða, stór dýr til að sitja á, vegasalt og margt fleira (Bagøien og Storli, 2002:46,82).

Við megum hins vegar ekki gleyma mikilvægi þess óskipulagða eða ófyrirséða í náttúrunni. Þar þurfa börnin að hafa ímyndunarafl til að finna upp á einhverju að gera og þar er mikið af hlutum sem hægt er að leika með á fjölbreytilegan hátt (Kristín Norðdahl, 2005). Á Álftanesi eru stór óbyggð svæði þar sem hægt er að gera margt skemmtilegt, til dæmis að fara út í háa grasið og gera göngustíga eða hús, hoppa milli þúfna og skoða dýralífið í skurðunum. Hægt er að gera litla matjurtargarða hvort heldur er utan eða innan skólalóðar. Álftanesið einkennist af miklum fjörum og tjörnum með heilmiklu dýra- og fuglalífi sem hægt er að skoða. Margir gamlir sögulegir staðir eru á Álftanesi sem hægt er að kynna fyrir börnunum svo sem Bessastaðir, Grásteinn, álagablettur við Eyvindastaðarveg og gamall varðturn frá stríðsárunum á landi Breiðabólstaða.

Hlutverk kennara í útikennslu

Hvert er hlutverk kennara í útikennslu? Fredens segir að ekkert sé eins mikilvægt og hvetjandi og drífandi kennari. Það er hann sem við munum eftir þegar við horfum aftur til þess tíma þegar við vorum í skóla, hvernig hann kenndi okkur með því að nýta okkar eigin reynslu og athafnir til að öðlast aukna þekkingu. Hann á að leiðbeina okkur en ekki segja okkur hvað eigi að gera og hvað ekki (Fredens, 2005).

Mikilvægt er að kennarar gefi börnunum tækifæri til velja og nota efnivið að vild og þannig skapast frekar tækifæri fyrir börnin til rannsókna á eigin forsendum. Það er hægt að gera mismunandi hluti með sama efniviði svo það er um að gera að leyfa börnunum að vera með í sköpun leiksvæðis (Tovey, 2007:56). Með opnum og hvetjandi spurningum getur kennarinn hvatt barnið til að afla sér þekkingar.

Það er alltaf viss hættu á slysum þegar börn eru að leik og mikilvægt er að gera ráðstafanir til að minnka þá hættu. En það er einnig mikilvægt fyrir þroska barna að fá að taka áhættu og prufa nýja hluti. Kennarar þurfa að gæta sín á því að skipta sér ekki of mikið af og stöðva börnin í leik og segja til dæmis: „Ekki klifra þarna“ og „ekki hlaupa svona hratt á steinunum“. Það þarf að gefa börnunum visst frelsi jafnframt því að gæta að öryggi þeirra til að þau læri sjálf. Ágæt frásögn úr leikskóla sýnir okkur að viðhorf kennara getur haft mikil áhrif á hvað börn fá að reyna og læra. Þar er sagt frá 13 mánaða gamalli stelpu sem vildi skríða út á blautt gras. Í hvert skipti sem hún komst í snertingu við grasið tók kennarinn hana upp og sagði: „Ulla bjakk, blautt gras“. Eftir nokkur tíma þá gafst litla stelpa upp og fór annað. Kennarinn hefði getað leyft henni að skríða út á blautt grasið og bleyta sig eða klætt hana í viðeigandi fatnað og reynt að átta sig á því hvað það var sem litla stelpa hafði svona mikinn áhuga á og í sameiningu hefðu þau getað rannsakað það (Tovey, 2007:126). Með þessari afskiptasemi sinni gæti kennarinn komið þeirri hugmynd að hjá barninu að blautt gras sé ógeðfellt. Þetta dæmi sýnir okkur hvernig kennari ætti ekki að bregðast við. Hann ætti að vera áhugasamur um það sem börnin vilja skoða og læra en ekki hefta möguleika þeirra á að fá reynslu af umhverfinu.

Hvað segja námskrárnar um útikennslu

Aðalnámskrá leikskóla

Í Aðalnámskrá leikskóla er talað um námssvið leikskóla og helstu áhersluþætti þeirra. Í kaflanum um hreyfingu kemur fram að öll börn eigi að hafa möguleika á að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing stuðli að andlegri og líkamlegri vellíðan. Samhæfing hreyfinga, jafnvægi og öryggi barna aukist jafnframt því að barnið öðlist skilning á styrk sínum og sjálfstraust aukist. Þar segir einnig að útivera sé góð fyrir hreyfingu og þar komist börn í nána snertingu við náttúru (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:19). Í kaflanum um náttúru og umhverfi segir að í leikskóla beri kennurum að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Einnig að börn þurfi að komast í tengsl við náttúruna og njóta hennar og þar með að læra að virða hana. Þar segir einnig að fjölbreytileiki náttúrunnar sé mikilfenglegur og að börn séu næm á að taka eftir öllu því smáa og stóra í náttúrunni og okkur beri að nýta þann áhuga. Úti í náttúrunni kanni börn ýmiss fyrirbæri og geri tilraunir og þurfi kennarar að hlusta vel á spurningar þeirra og hvetja þau áfram til að finna svör við þeim. Í kaflanum menning og samfélag segir að börn fái snemma áhuga á nánasta umhverfi og beri kennurum að efla og vikka þann áhuga með skoðunarferðum um nánasta umhverfið. Einnig sé gott að skoða stofnanir í nágrenninu. Þannig geti börn fengið aukna tilfinningu fyrir vegalengdum í umhverfi sínu og þetta getur styrkt tengsl þeirra og skilning á samfélaginu og menningu þess (Aðalnámskrá leikskóla, 1999:26-28).

Í vettvangsferðum má flétta öll þessi námssvið saman á eftirfarandi hátt:

- Hreyfing: Í vettvangsferðum njóta börn mikillar hreyfingar og útiveru.
- Málrækt: Hægt að skrifa/segja sögu um ferðina og tala um það sem við sáum og gerðum.
- Myndsköpun: Það er hægt að mála mynd af einhverju sem við sáum eða gera myndverk úr hlutum sem börnin söfnuðu saman í ferð sinni.
- Tónlist: Hægt er að syngja lög sem tengjast því sem skoða á og einnig er hægt að semja lítið lag um það sem við sáum eða gerðum og spila á hljóðfæri. Við getum líkt eftir

hljóðum sem við heyrðum með hljóðgjöfum/hljóðfærum. Einnig er gaman að hlusta á náttúruna.

-Náttúra og umhverfi: Í vettvangsferðum erum við úti í náttúrunni og þar gefast ótal tækifæri til að ræða, skoða og læra um hana og umhverfið, einnig að vekja áhuga barna á að hugsa vel um náttúruna okkar.

-Menning og samfélag: Að kynna börnum stofnanir samfélagsins með því að fara í heimsókn í skóla, á bókasafn og bæjarskrifstofu. Einnig má skoða gömul hús og önnur kennileiti með mikla sögu og kynna þeim þannig menningu heimabyggðar.

Aðalnámskrá Grunnskóla

Í Aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á að börn séu ekki öll eins og það er mikilvægt að mæta hverjum og einum á sínum eigin forsendum.

Eitt grundvallarviðmið í skólstarfi er jafnrétti til náms, að nemendur fái nám og kennslu við hæfi og að þeim sé gefið tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Skólinn skal búa bæði stúlkur og drengi undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og í samfélaginu. Í þessu skyni verður skólinn að bjóða margvísleg en jafngild námstækifæri þannig að komið sé til móts við sérstöðu einstaklinga. Þá skal skólinn koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda, þ.e. að veita nemendum menntun við hæfi hvers og eins (Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti, 2006:9).

Í námskrárhlutunum Náttúrufræði og umhverfismennt er sérstakur kafli um útikennslu sem bendir til þess að menntamálayfirvöld vilji leggja áherslu á þennan þátt. Þar segir að útikennsla auðgi og styrki allt nám ásamt því að vera hollt bæði líkama og sál. Með því að efla þekkingu og þjálfva vinnulag nemenda má efla skynjun þeirra á umhverfinu. Vart er hægt að hugsa sér betri vettvang fyrir náttúrufræðikennslu en náttúruna sjálfa (Aðalnámskrá grunnskóla:Náttúrufræði og umhverfismennt, 2007:9).

Hægt er að kenna allar námsgreinar í útikennslu eins og eftirfarandi dæmi sýna:

-Erlend tungumál: Í fyrstu bekkjum grunnskólans er ekki farið að kenna markvist erlend tungumál. En þegar farið er í vettvangsferðir er hægt að kenna börnunum þau orð sem eru

úti í náttúrunni til dæmis tré, blóm, bíll á erlendu tungumáli. Börnin eiga það til að muna betur ef námið er tengt reynslu.

-Heimilisfræði: Hægt er að grilla úti eða jafnvel elda við bál. Það er hægt að gera matjurtagarða og tengja það heimilsfræði.

-Hönnun og smíði: Hægt er að fara með börnin í skóg og skoða íslensk tré. Hvað er gert svo hægt sé að nota þau til byggingar? Í vettvangsferðum er tilvalið að skoða byggingar og sjá hvernig þær eru hannaðar og byggðar. eru þær úr timbri, járn, steypu? Einnig er hægt að skoða til dæmis garða og sjá hvernig þeir eru hannaðir.

-Íslenska: Fara í vettvangsferð og lesa orð á skiltum og skrifa þau niður á blað. Skoða hluti í náttúrunni, til dæmis gras, stein, fugl og finna á hvaða staf þeir byrja. Hægt er að reyna að finna rímorð við það sem þau sjá til dæmis hestur - prestur og steinn - beinn. Eftir vettvangsferðir mætti hvetja börn til að segja frá ferðinni og því sem þau lærðu. Allur hópurinn tekur síðan þátt í samræðum og börnin læra að hlusta, fylgjast með og taka þátt í umræðunni.

-Íþróttir, líkams- og heilsurækt: Allir leikir og vettvangsferðir eru liður í þessum lið námsskránnar. Útivera ýtir undir hreyfingu og úti í náttúrulegu umhverfi hreyfa börn sig gjarnan öðruvísi og fá þá fjölbreyttari hreyfingu heldur en ef þau væru alltaf í eins umhverfi.

-Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði: Að fara og skoða Bessastaðakirkju og ræða um samfélagið sem við búum í og um trúarbrögð. Hvetja nemendur til að setja sig í spor annarra.

-Listgreinar: Hægt er að fara með börnin á listasöfn, fara í vettvangsferðir og þegar heim er komið leyfa þeim að teikna, mála, leira og skapa á eins fjölbreyttan hátt og hægt er. Hægt er að hlusta úti í náttúrunni. eru hljóðin há eða lág, löng eða stutt? Bergmálar? Af hverju? Af hverju ekki? Hvað er það sem gefur frá sér hljóð? Hægt er að gera hljóðfæri úr steinum, spýtum og öðru sem við finnum í náttúrunni og hægt semja lag og dans og söng með.

-Lífsleikni: Lífsleikni er eitthvað sem við erum alltaf að læra og í útikennslu má leggja áherslu á að börn læri t.d. að vera saman, hjálpast að og sýna hvert öðru tillitsemi.

-Samfélagsgreinar: Vettvangsferðir þar sem börn heimsækja sögulega staði í þeirra nánasta umhverfi og fræðast um þá. Síðan má vinna úr slíkum ferðum á marga vegu þegar heim í skóla er komið t.d. leita svara við spurningum sem hafa vaknað, vinna með staðina í myndsköpun eða leika atburði sem tengjast þeim.

-Stærðfræði: Skoða form og mynstur út í náttúrunni og í samfélaginu. Telja og flokka steina, plöntur og smádýr.

-Upplýsinga- og tæknimennt: Hvetja börn til að afla sér upplýsinga á Internetinu og í bókum um það sem þau hafa séð í vettvangsferð og vilja afla sér meiri þekkingar um. Taka myndir í ferðum á stafræna myndavél og vinna með þær þegar heim er komið. Útbúa bæklinga um staði sem þau hafa heimsótt eða um þá hluti sem þau hafa verið að rannsaka.

-Náttúrufræði- og umhverfismennt: Það er hægt að fara í vettvangsferðir og skoða til dæmis fugla- og dýralífið. Leika í sandi og drullu, hvernig er best að hafa sandinn og drullununa þegar er verið að leika með það? Leika með skugga, kríta útlínur skóla eða leiktækja að morgni og aftur seinni part. Eru teikningarnar á sama stað? Af hverju ekki? Athuga veðrið, er kalt eða heitt úti? Hvaða vindátt er? Breytist veðrir fljótt eða hægt? Hægt er að fönbra til dæmis veðurkort, vindhana og margt fleira.

Kenningar um nám og kennslu barna

Í þessum kafla er fjallað um nokkra fræðimenn, hugmyndir þeirra um nám og hvernig þær gætu nýst í útikennslu. Í framhaldi af því er fjallað um hvaða kennsluaðferðir væru hentugar í útikennslu. Einnig verður litið á hvað þessar kenningar eiga sameiginlegt um útikennslu.

Kenningar John Deweys

Dewey (f.1859) var heimspekingur sem stofnaði árið 1896 ásamt konu sinni skóla, The University Elementary School (sem var oftast kallaður The Laboratory School). Skólinn var stofnaður til að prófa hugmyndir Deweys um nám og kennslu sem voru mjög frábrugðnar hefðbundnum aðferðum. Einkunnarorð kennsluhátta hans voru „að læra með því að framkvæma“ (*e. learning by doing*). Börnin áttu að vinna saman að lausn verkefna undir leiðsögn kennarans. Í byrjendakennslu var horfið frá hefðbundinni kennslu í skrift, lestri og reikningi og verklegar greinar urðu kjarni námsins. Hann lagði mikið upp úr félagslegum samskiptum og samvinnu. Það sem Dewey þótti mjög mikilvægt í kennslu barna voru kennarar sem:

- hafa góða almenna þekkingu.
- þekkja börnin sem þeir kenna mjög vel.
- eru stöðugt að læra.
- hlusta á börnin og hvað þau hafa áhuga á og skipuleggja nám þeirra út frá því.

Könnunaraðferðin (*e. Project approach*) er mjög í anda kenninga Deweys. Þar hlustar kennari og fylgist með því hvað börnin hafa áhuga á og hjálpar þeim að afla sér meiri upplýsinga á því sviði. Kennarinn notar þekkingu sína á almennum þroska barna til að skipuleggja kennslu sem hæfir aldri þeirra og skráir niður hvað þau læra til að skilja betur hvernig þau hugsa. Velgengi hvers verkefnis er metin út frá því hvort börnin skildu það sem þau voru að læra og væru tilbúin til að læra meira. Hvort þau væru forvitinn, vildu meira og væru viss um hæfni sína til að kafa í viðfangsefnið og svara forvitni sinni (Pound, 2005:22). Það er hægt að nota könnunaraðferðina í útikennslu til dæmis með því að skoða og fræðast um fugla, plöntur, sögulega staði og í raun hvað sem finna má úti.

Hugsmíðahyggja, Jean Piagets

Piaget (f.1896) var þekkingarfræðingur (sálfræðingur) og þekktur fyrir rannsóknir sínar á hugarstarfsemi barna. Ein af kenningum Piagets fjallar um *sjálfstjórn* eða *jafnvægisleitni*.

Þegar nýjar upplýsingar berast okkur í gegnum snertingu, hljóð, sjón-, lyktar- eða bragðskyn þá erum við, samkvæmt Piaget, að byggja upp þekkingu. Við tengjum þessar upplýsingar við fyrri hugmyndir okkar um fyrirbærin. Við erum meðvituð um nýja tilfinningu eða reynslu en flokkum upplýsingarnar með eldri upplýsingum sem við búum yfir. Fyrir eða síðar gerist eitthvað sem verður til þess að við getum ekki aðlagð nýjar upplýsingar að okkar gömlu hugmyndum. Þetta veldur okkur óþægindum eða ójafnvægi og verður til þess að við þurfum að endurhugsa hugmyndir okkar og breyta þeim. Þannig kemst aftur á jafnvægi og okkur fer að líða vel með hugsanir okkar (Pound, 2005:37).

Í kenningum Piagets er talað um að börn læri mest af athöfnum og því ættu kennarar að leggja áherslu á virkni barnanna og að þau fái aukna reynslu af hlutum og fyrirbærum. Hann segir að með því að þvinga börn til að sitja stillt og hljóð í skólastofunni séum við að brjóta í bága við það sem þeim er eðlislægt. Í útikennslu eru börnin að taka við nýjum upplýsingum í gegnum margs konar skynjun. Með því að vera úti í náttúrunni og vinna saman í hópum og ræða málin þá erum við að skapa góðar aðstæður til að þróa hugmyndir okkar.

Fjölgreindakenning Gardners

Gardner (f.1943) er sálfræðingur, þekktur fyrir kenningar sínar um fjölgreindir. Hann kortlagði mannlega möguleika með því að skipta þeim upp í átta frumflokka eða greindir.

- Málgreind: Hæfileiki til að hafa áhrif með orðum, bæði munnlega eins og til dæmis sagnaþulir, ræðumenngera og skriflega eins og skáld og rithöfundar gera.
- Rök og stærðfræðigreind: Hæfileiki til að nota tölur á árangursríkan hátt og hugsa rökrétt. Þessi greind felur í sér næmi fyrir til dæmis röklegum mynstrum og tengslum, staðhæfingum og yrðingum.
- Rýmisgreind: Hæfileiki til að skynja nákvæmlega hið sjónræna, rúmfræðilega umhverfi og til að umskapa þessa skynjun. Þessi greind felur í sér næmi fyrir til dæmis litum, línunum, lögun, formi, vídd og tengslunum þar á milli.

- Líkams- og hreyfigreind: Færni í að nota allan líkamann til að tjá hugmyndir og tilfinningar, leikni til að búa til hluti og beita þeim. Þessi greind felur í sér sérstaka líkamlega færni til dæmis samhæfingu, jafnvægi og fingrafimi.
- Tónlistagreind: Hæfileiki til að skynja, meta mismunandi gæði, skapa og tjá margvíslega tónlist. Þessi greind felur í sér næmi fyrir takti, tónhæð eða laglínu og tilbrigðum eða hljómbælum tónverks.
- Samskiptagreind: Hæfileiki til að skilja og greina skap, fyrirætlanir, innri hvöt og tilfinningar annars fólks.
- Sjálfsþekkingargreind: Þessi greind lýsir sér í skýrri sjálfsmynd og þekkingu á eigin styrk og veikleikum, ásamt sjálfsskilningi, sjálfsvirðingu og hæfni til sjálfsögunar.
- Umhverfisgreind: Leikni til að þekkja og flokka fjölda tegunda úr jurta- og dýraríkinu í eigin umhverfi. Þessi greind felur einnig í sér næmi fyrir öðrum fyrirbærum náttúrunnar eins og skýjafari og fjöllum. Hjá þeim sem alast upp í þéttbýli kemur þessi greind einnig fram í hæfni til að greina sundur dauða hluti eins og bíla, íþróttaskó og geisladiskahulstur (Armstrong, 2001:14-15).

Gardner telur að allar greindirnar séu til staðar í einstaklingnum og fái einstaklingurinn örvun og tækifæri geti hann þróað hverja greind fyrir sig á nokkuð hátt getustig.

Ef við aðhyllumst fjölgreindakenninguna þá byggjum við kennsluna upp á fjölbreytilegan hátt því að engin ein aðferð dugir öllum nemendum. Þar sem börn geta búið yfir mismunandi færni í greindunum átta þá getur kennsla sem tekur aðeins mið af einni greindinni hentað einum hópi barna en ekki öðrum (Armstrong, 2001:21,63).

Þar sem allt hefðbundið nám fer fram inni í skólstofunni er útikennsla mjög góður kostur með tilliti til fjölgreindakenningar. Þeir nemendur sem eiga erfitt með að einbeita sér og sitja kyrrir og læra í bókum fá þá tækifæri til að læra á fjölbreyttari hátt í útikennslu.

Samantekt um námskenningar

Það sem þessar námskenningar eiga sameiginlegt er að börn læra best í gegnum skynjun og með athöfnum mikilvægt er að kennslan sé sem fjölbreytilegust. Það er einmitt það sem útivera býður upp á. Í kenningum Piagets er talað um skynjun og hversu mikilvæg hún sé þroska barnsins. Dewey talar um mikilvægi samvinnu og að kennarinn þekki þau börn vel sem hann vinnur með. Gardner talar um mikilvægi fjölbreytileikans og að kennarinn þurfi að vera vakandi yfir mismunandi eiginleikum einstaklingsins. Þessir fræðimenn eru sammála um að börn séu jafnmisjöfn og þau eru mörg og til að koma til móts við hvert og eitt sé mikilvægt. Þeir leggja áherslu á að með því að nota fjölbreyttar leiðir í kennslu sé líklegra að hvert barn finni eitthvað við sitt hæfi.

Er útikennsla góður kostur í námi

Í þessari greinargerð hefur verið leitað svara við því hvort útikennsla sé góður kostur í námi barna. Athugað hefur verið hvað útikennsla feli í sér og hvað rannsóknir segja okkur um gildi útikennslu. Einnig hefur verið athugað hvernig útikennsla falli að hugmyndum nokkurra fræðimanna um nám. Fram hefur komið í nokkrum rannsóknum að útikennsla sé góð þar sem börn auki þol og hreyfigetu og börn hreyfa sig minna nú en áður. Því er nauðsynlegt að koma útikennslu að í námsskrám skólanna.

Þeir fræðimenn um nám barna sem gerð er grein fyrir hér að framan segja að börn læri best með eigin reynslu, að fá að gera tilraunir í raunverulegum aðstæðum og að ræða þær. Gardner telur fjölbreytileikan mikilvægan þar sem við erum missterk í greindunum átta og nefnir hann eina af átta greindunum „Umhverfisgreind“ sem vísar beint í að það henti sumum börnum vel að læra í og um náttúruna og umhverfið. Einkunnarorð Deweys eru „learning by doing“ og einnig telur hann mikilvægt að börn vinni saman að lausnum. Þetta nýtist vel í útikennslu þar sem börnin fá tækifæri til að rannsaka á eigin forsendum. Í námskrám beggja skólanna er talað um mikilvægi náttúru, umhverfis, menningu og samfélags og lögð er áhersla á útiveru og útikennslu og þá möguleika sem í henni felast.

Í 2. gr. leikskólalaga og í 2. gr. grunnskólalaga er meðal annars fjallað um að haga skuli störfum í fullu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla skuli að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins (Leikskóla- og Grunnskólalög, 2008). Þessi áhersla kallar á fjölbreytni í skólastarfinu til að koma til móts við þarfir hvers og eins og að allir fá notið hæfileika sinna. Þegar við setjum þetta allt saman þá segir þetta okkur að útivera og þeir fjölbreyttu kennsluhættir sem hún getur falið í sér séu af hinu góða og því sé útikennsla góður kostur í skólastarfi.

Heimildaskrá.

Aðalnámskrá grunnskóla. Náttúrufræði og umhverfismennt (2007). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið..

Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti (2006). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá leikskóla (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Armstrong, Thomas (2001). *Fjölgreindir*. (Erla Kristjánsdóttir þýddi). Reykjavík: JPV Útgáfan.

Bagøien, T.E. og Storli, R. (2002). *Lag en naturlekeplass- prinsipper og praktiske ideer*. Oslo: Gyldendal Akademisk.

Charles, C.M. (1989). *Litla Piaget kverið*. (Jóhann S. Hannesson þýddi). Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Dewey, J. (2000). *Hugsun og menntun*. (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Erlingur Jóhannsson (2004). Holdarfar, líkamsástand, hreyfimyntur og lifnaðarhættir 9 ára barna í Reykjavík haustið 2002. *Íþróttamál* (28),17, 18.

Fredens, Kjeld (2005, 25. október). Når tingene taler til os. *Udeskole.dk*. Sótt 4. febrúar 2009 af <http://udeskole.dk/site/teorilaering/251/>

Gígja Gunnarsdóttir (2005, 3. október). *Börn og hreyfing*. Landlæknisembættið. Sótt 31.janúar.2009 af <http://www.landlaeknir.is/?pageid=518>

Jorde, Arne Nikolaisen (1999). *Nærmiljøet som klasserom*. Oslo: Cappelen Akademiske Forlag.

Lög um grunnskóla. nr. 90/2008

Lög um leikskóla. nr. 90/2008

Kristín Norðdalh (2005, 30. desember). Að leika og læra í náttúrunni. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun* Sótt 27. mars. 2009 af <http://netla.khi.is/greinar/2005/022/index.htm>

Pound, L. (2005). *How children learn*. London: Step Forward Publishing Limited.

Tovey, H. (2007). *Playing outdoors*. England: Open University Press, Berkshire,